

Skýrsla innra mats Dalskóla

2026-2027



Greinargerð um innra mat

Inngangur

Í greinargerð um Dalskóla er fjallað um innra mat skólans fyrir árið 2026 – 2027.

Hér er einning að finna langtímaáætlun til fimm ára, áætlun fyrir skólaárið, viðfangsefni matsins og hvernig þau eru metin. Einnig er því lýst hvernig matið fer fram þ.e. á hvaða gögnum matið byggist á. Þá eru helstu niðurstöður settar fram og fjallað um þá þætti sem teljast til styrkleika og hver tækifærin eru til úrbóta. Að lokum má sjá úrbótaáætlun skólans.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati er að bæta árangur nemenda og gæði skólastarfsins í heild. Skólinn styðst við [gæðaviðmið grunnskóla](#), viðmið [menntastefnu Reykjavíkur](#), [leiðsagnarnám](#) og stefnu skólans. Einnig er lögð mikil áhersla á að meta gæði kennslustunda. Gæðaviðmiðin eru rýnd af fagmennskuteymi skólans og á matsfundum með kennurum og/eða starfsfólki þegar við á. Rýnt er í niðurstöður námsmats og viðhorfskannana sem reglulega eru lagðar fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Fylgst er með gæðum kennslu í gegnum innlit í kennslustundir og ígrundun. Í fagmennskuteymi skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar allra stiga.

Gæðaviðmið grunnskóla

Gæðaviðmið grunnskóla liggja til grundvallar matinu. Þau eru sett upp í langtímaáætlun (3 – 5 ára) og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennskuteymi sem þátttakendur ígrunda út frá gögnum og koma sér saman um niðurstöðu.

Aðrir þættir innra mats

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru *félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði* sem eru til hliðsjónar við vinnu innra mats skólans. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og /eða fagmennskuteymi skólans.

LANGTÍMAÁÆTLUN

Innra mat Dalskóla

	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030	2030-2031
Námsárangur nemenda					
Lesfímipróf 1- 10.b	X	X	X	X	X
Matsferill	X	X	X	X	X
Lesskimun 1. bekkur	X	X	X	X	X
Orðarún	X	X	X	X	X
Lesmál 2. bekkur	X	X	X	X	X
Viðhorfskannanir: Viðhorf og líðan					
Íslenska æskulýðsrannsóknin, viðhorfskönnun nemenda		X		X	
Rannsókn og greining, viðhorfskönnun nemenda	X		X		X
Skólapúlsinn, viðhorfskönnun nemenda	X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Viðhorfskönnun foreldra		X		X	
Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis					
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun		X			
Faglegt samstarf og samræða			X		
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu				X	
Umbætur og innleiðing breytinga			X		
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"	X				
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	X				X
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks		X			

Nám og kennsla					
Inntak og námskrá	X	X			
Árangur náms	X	X	X	X	X
Gæði kennslu	X	X	X	X	X
Skipulag náms	X		X		
Námsvitund	X			X	
Ábyrgð og þátttaka			X		
Menntastefna Reykjavíkur	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030	
Félagsfærni					X
Sjálfsefling	X				
Heilbrigði		X			
Læsi			X		
Sköpun				X	
Aðrir áhersluþættir skóla					
Jákvæður agi	X				

ÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	Að endurskipuleggja smiðjur skólans.	Samtöl við kennara og börn.	Ágúst-nóv '26	Skólastjórnendur og smiðjukennarar	Að smiðjan veiti meiri gleði og þekkingu heldur en álag.
	Að auka útinám í skólanum.	Samtöl við kennara og börn.	Skólaárið 2026-2027	Skólastjórnendur	Útinám á yngsta stigi sé a.m.k. einu sinni í viku.
	Endurskoðun námskrár skólans með nýjum viðmiðum Aðalnámskrár.	Með vinnufundum.	Skólaárið 2026-2027	Skólastjórnendur	Námskrárvinnu lokið.
	Útbúa vinnulag hvernig ljúka eigi fyrirmyndar-kennslustund	Með innliti í kennslustundir.	Skólaárið 2026-2027	Skólastjórnendur	Kennarar ljúka kennslustundum með svipuðum hætti.
	Viðhalda stefnunni um jákvæðan aga.	Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og umburðarlyndi.	Skólaárið 2026-2027	Skólastjórnendur og teymi um jákvæðan aga.	Þátttaka á námskeiði um jákvæðan aga 14. ágúst 2026 og nokkur styttri námskeið yfir veturinn.
	Nýta betur gögn sem fást með Barnaþingi skólans.	Rýnihópar barna þar sem markvisst er unnið að endurbótum.	Október 2026	Deildarstjórar	Umgjörð og árangur þings.
Líðan barna	Að efla samskipti barna og kennara.	Spurningakönnun lögð fyrir börnin (Rannsókn og greining, Skólapúlsinn).	Skólaárið 2026-2027	Skólastjórnendur	Að skólinn mælist hærrí í könnunum um samskipti kennara og barna.

Gæðaviðmið menntamála-ráðuneytis					
Námsvitund. Kafli 2.5 í gæðaviðmiðum	Börnin þekkja styrkleika sína í námi, eru áhugasamir og nám þeirra tekur mið af námskrá og áhugasviði þeirra.	Vettvangsathuganir, rýniviðtöl, Skólapúls,	Skólaárið 2026-2027	Skólastjórnendur	Niðurstöður kannana sína betri árangur.
Starfsmannastjórnun og verkaskipting Kafli 1.6 í gæðaviðmiðum	Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.	Matsfundir	Skólaárið 2026-2027	Skólastjórnendur	Betri niðurstöður.
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir. Kafli 1.5 í gæðaviðmiðum	Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu.		Haustið 2026	Skólastjórnendur	Heimasíðan er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.
Menntastefna Reykjavíkur					
Sjálfsefling	Að börn í Dalskóla öðlist sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu með auknum sjálfsaga og þrautseigju.	Matsfundir Skólapúls Rýnihópur eftir barnaþing	Skólaárið 2026-2027	Deildarstjórar og skólastjórnendur	Að fram komi í skólanámskrá hvernig unnið er markvisst með sjálfseflingu nemenda.

GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Niðurstaða innra mats

Dalskóli er samrekin grunnskóli og frístundaheimilið Úlfabyggð. Við skólann eru tæplega 500 nemendur í 1. -10. bekk. Fagmennskuteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í teyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar sem funda að meðaltali tvisvar í mánuði.

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#), [leiðsagnarnámi](#) og áherslum skólans. Gerð er langtímaáætlun til 5 ára og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið.

Gögn sem innra matið byggist á:

- Skólapúls
- Matsferill
- Foreldrakönnun
- Niðurstöður kennarþings
- Niðurstöður barnþings
- Niðurstöður könnunar sem var send út á meðal kennara
- Starfsþróunarviðtöl við kennara
- Niðurstöðum starfendarannsókna
- Niðurstöður úr Stofnun ársins
- Niðurstöður út frá gæðaviðmiðum um skólastarf sem starfsfólk vann inn á BravoLesson

Gögnin og viðmið um gæði eru rýnd á fagfundum allra stjórnenda.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður námsmats, viðhorfskannana barna, starfsfólks og foreldra eru ávallt rýnd í innra mati skólans.

Helstu niðurstöður innra mats

Líðan og viðhorf nemenda:

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólustarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Viðmiðið var að víkja ekki marktækt frá meðaltali sambærilegra skóla í Reykjavík. Þeir þættir sem viku marktækt frá meðaltali voru samband nemenda við kennara og agi í tímum.

Styrkleikar: Helstu styrkleikar nemenda eru:

Trú á eigin námsgetu: Dalskóli mælist hærrí (5,3) miðað við landið (4,9).

Þrautseigja í námi: Skólinn mælist með 4,9 á móti 4,6 á landsvísu.

Samsömun við nemendahópinn: Nemendur Dalskóla upplifa sterkari tengsl við hópinn (5,3) en dæmigerður nemandi á landinu (4,9).

Trú á eigin vinnubrögð: Dalskóli mælist með 5,0 á móti 4,8 á landinu. Ánægja af náttúruvísindum mælist 4,7 á móti landinu 4,5.

Tækifæri til umbóta: Mikilvægt er að auka áhuga nemenda á lestri. Einnig er mikilvægt að bæta samskipti kennara og nemenda þar sem markmiðið er að tölur hækki í næstu könnun.

Árangur nemenda

Í innra matinu er rýnt í árangur nemenda í lesfímiprófum og öðrum þáttum Matsferils út frá þeim viðmiðum sem sett voru í matsáætlun.

Styrkleikar: Börnin sýna framfarir og sýna þrautseigju í námi.

Tækifæri til umbóta: Styðja þarf við lestrar- og stærðfræðikennslu í skólanum.

Gæðaviðmið grunnskóla:

Nám og kennsla er metin út frá gæðaviðmiðum í *Gæðastarf í grunnskólum* og þeim viðmiðum sem skólinn hefur unnið um gæði kennslu. Í ár var kaflí 2.3. Gæði kennslu metinn. Starfsmannahópurinn kom sér saman um viðmið um fyrirmyndarkennslustund. Stjórnendur fóru í kennslustundaáhorf þar sem upphaf kennslustunda var metið. Næsta skólaár verður unnið vinnulag fyrir lok kennslustunda.

Styrkleikar: Kennarar voru stundvísir og vel undirbúnir. Kennslan var fjölbreytt.

Tækifæri til umbóta: Ábótavant var uppröðun í kennslustofu, skipulag á námsgögnum og nýting rýma.

Stjórnun og forysta

Stjórnun og forysta er metin út frá gæðaviðmiðum í *Gæðastarf í grunnskólum* og þeim viðmiðum sem skólinn hefur unnið um gæði kennslu. Stjórnunarþátturinn er einnig metinn í könnunum sem lagðar eru fyrir starfsfólk og foreldra.

Styrkleikar: Starfsfólk ber mikið traust til stjórnenda og á auðvelt með að leita til næsta yfirmanns. Í skólanum er sterk hefð fyrir samvinnu og teymiskennslu en alltaf má gott bæta.

Tækifæri til umbóta: Fjölga fagteymum í skólanum og styrkja foreldrasamstarf.

Líðan og viðhorf starfsfólks

Líðan og viðhorf starfsfólks er metið með könnuninni *Stofnun ársins*. Að auki svarar starfsfólk sérstakri könnun í tengslum við starfsþróunarsamtöl skólans. Haldið er kennaraping árlega þar sem kennurum gefst kostur á að koma með málefni á þingið og hafa þannig áhrif á skólastarfið. Reglulega eru haldnir sérstakir matsfundir og kennarar beðnir um endurgjöf á verkefnum/viðburðum.

Styrkleikar: Starfsandinn er helsti styrkleiki skólans og mælist talsvert yfir meðaltali annarra grunnskóla í Reykjavík. Starfsfólki finnst mjög gott að eiga samskipti við samstarfsfélagi og samskiptin opin og einlæg. Starfsfólk er ánægt með vinnuskilyrði og hljóðvist og upplifir jafnframt að allir fái sömu tækifæri óháð kyni eða öðrum þáttum. Einnig segist fólk vera stolt af sínum vinnustað.

Tækifæri til umbóta: Starfsfólk upplifir meira vinnuálag en almennt gerist.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra er metið annað hvort ár í könnun á vegum Skóla- og frístundasviðs.

Styrkleikar: Foreldrar upplifa börnin sín örugg í skólanum og telja að barninu sínu líði vel. Skil á milli skólastiga, frá leikskóla yfir í grunnskóla, ganga vel.

Tækifæri til umbóta: Foreldrar upplifa að erfitt sé að skilja námsmat.

Allir þættir sem voru dregnir fram sem tækifæri til umbóta fara í umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara.

UMBÓTAÁÆTLUN						
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma-rammi	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Árangur náms	Skólinn bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi barna út frá niðurstöðum lesfimi-prófa/matsferli.	Aukið aðhald utan um PALS lestrarþjálfun. Lestrarstundum fjölgað í skóla og heima.	Kennarar og lestrarteymi	Skólaárið 2026-2027	Samanburður á lesfimi/matsferils niðurstöðum.	Að sem flest börn hafi bætt stöðu sína í lesfimi.
	Skólinn bætir stöðu sína í stærðfræði með því að tryggja samfellu í stærðfræðikennslu á milli allra skólastiga til þess að greina hvar helstu áskoranir liggja.	Myndað verður sérstakt fagreinateymi í stærðfræði í 6. -10. bekk. Samfella í stærðfræðikennslu skólans tryggð.	Skólastjórnendur kennarar, stærðfræðiteymi	Skólaárið 2026-2027	Samanburður á milli ára í matsferli.	Að sem flest börn hafa sýnt framfarir í stærðfræði.
Stjórnun og fagleg forysta	Myndun fagteyma í skólanum.	Næsta vetur verða stofnuð fagteymi þar sem starfsfólk á í	Skólastjórnendur	Skólaárið 2026-2027	Afurðin er kynning og/eða kennsla til annarra starfsmanna	Skýrsla fagteymis og vinnu vetrarins.

		faglegu samtali um starfið og skólaþróun.				
	Að efla samstarf við foreldrafélag Dalskóla.	Fundir með skólastjórnendum og stjórn foreldrafélags tvisvar til þrisvar á vetri, þar sem m.a. er farið yfir hlutverk foreldrafélagsins og samvinnuverkefna hverju sinni.	Skólastjórnendur	Skólaárið 2026-2027	Fundargerðir og starfáætlun foreldrafélags.	Aukin ánægja foreldra og meiri þátttaka þeirra á framvindu náms barna sinna.
	Að minnka vinnuálag starfsfólks	Útbúum sérstakt rými fyrir börn sem þurfa hvíld frá áreiti.	Skólastjórnendur	Ágúst - sept 2026	Stofnun ársins, starfsmannaviðtöl	Þessi þáttur mælist lægri.
Skólasamfélag	Virkja foreldrasamfélagið til þátttöku á vorhátíð skólans sem unnin er í samstarfi við foreldrafélag Dalskóla og íbúasamtök Úlfarsárdals.	Auglýsa betur og fá börnin til að aðstoða okkur við skipulag vorhátíðar.	Skólastjórnendur	Apríl-júní 2027	Aukin þátttaka á þessum degi.	Foreldrakönnun, starfsmannakönnun.